

STARFSREGLUR heilbrigðisvísindasjóðs.

1. gr.

Hlutverk heilbrigðisvísindasjóðs.

Heilbrigðisvísindasjóður, rannsóknasjóður í heilbrigðisvísindum, er sérstakur sjóður sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknir í heilbrigðisvísindum frá grunnvísindum til lýðheilsu og klínískra rannsókna. Heilbrigðisvísindasjóður veitir styrki samkvæmt áherslum ráðherra og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Heilbrigðisvísindasjóður er samkeppnissjóður og hefur ráðherra falið Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, umsjón með honum.

2. gr.

Skipan stjórnar og hlutverk.

Ráðherra skipar fimm fulltrúa í stjórn heilbrigðisvísindasjóðs til 3 ára í senn. Formaður stjórnar er skipaður af ráðherra án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra fjóra fulltrúa með sérfræðipækkingu á grunnvísindum, lýðheilsu og klínískum rannsóknum, þrjá fulltrúa samkvæmt tilnefningum frá háskólasamfélaginu og einn fulltrúa án tilnefningar.

3. gr.

Úthlutunarreglur heilbrigðisvísindasjóðs.

Ráðherra markar úthlutunarstefnu sjóðsins. Stjórn gefur út nánari fyrirmæli í handbók sjóðsins í tengslum við auglýstan umsóknarfrest eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests. Í handbók koma fram hverju sinni skilyrði varðandi umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun umsókna, ásamt úthlutunarstefnu ráðherra. Skal handbókin kynnt ráðherra fyrir birtingu.

4. gr.

Auglýsing.

Stjórn heilbrigðisvísindasjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki. Auglýsa skal á vef heilbrigðisráðuneytisins og Rannís hið minnsta. Í auglýsingu skal koma fram umsóknarfrestur og áherslur stjórnar og ráðherra við úthlutun.

5. gr.

Umsóknir.

Umsóknum skal skilað í rafrænu umsóknakerfi Rannís á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal umsækjandi m.a. gera grein fyrir með skýrum hætti hvernig verkefnið er byggt upp og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Stjórn heilbrigðisvísindasjóðs skipar fagrað sem metur styrkhæfi umsókna. Fagrað skal skipað eigi færri en fimm sérfræðingum í heilbrigðisvísindum. Heimilt er að nota fagrað sem skipuð eru vegna úthlutunar úr öðrum samkeppnissjóðum hjá Rannís. Í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er heimilt að byggja á niðurstöðu fagraða sem skipuð eru af sameiginlegum samstarfsaðilum. Mat umsókna skal ávallt byggja á áherslum stjórnar hverju sinni og gæðum umsókna.

7. gr.
Úthlutun.

Fagráð metur umsóknir og skrifar umsögn, og skilar til stjórnar ásamt forgangsörðun umsókna. Stjórn heilbrigðisvísindasjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli greinargerðar fagráðs og áherslum stjórnar hverju sinni.

Öllum umsækjendum skal tilkynna um afgreiðslu umsóknar.

8. gr.
Skilyrði styrkveitinga.

Hafi umsækjandi áður hlotið styrk úr heilbrigðisvísindasjóði þarf að liggja fyrir framgangs- eða lokaskýrsla um stöðu og framkvæmd þess verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins áður en gengið er til samninga um nýjan styrk.

Nýti styrkþegi ekki styrk innan árs frá úthlutun fellur styrkur niður, nema málefnalegur rökstuðningur liggi fyrir. Styrkveitingar eru bundnar skilyrðum og koma almennir skilmálar styrks fram í samningi. Gerður er samningur á milli styrkþega og Rannís þar sem m.a. er kveðið á um framvindu verkefnisins.

9. gr.
Eftirlit með framkvæmd verkefna.

Í lok styrktímabils, sem er skilgreint í samningi, skal styrkþegi gera grein fyrir stöðu og framvindu verkefnisins og afurðum þess, auk fjárhagsuppgjörs.

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða ef greinargerð hefur ekki borist innan þess tíma sem getið er um í samningi við styrkþega, þ.m.t. ef útgjöld reynast lægri en greidd styrkfjárhæð.

10. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra. Á sama tíma falla reglur um úthlutun styrkja til gæða- og nýsköpunarverkefna í heilbrigðisþjónustu úr gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu 17. desember 2024


Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra


Ásta Valdimarsdóttir